



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 31. október 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn. (Þingskjal 88 — 88. mál, 150. löggjb.)

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri



Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreinda þingsályktunartillögu og þakka fyrir það.

Barnaheill styðja tillöguna og telja mikilvægt að réttur barns til að vita um uppruna sinn sé skýrður í lögum eins og Barnasáttmálinn segir að ríki þurfi að gera, sbr. eftirfarandi:

7. gr.

1. Barn skal skráð þegar eftir fæðingu, og á það frá fæðingu rétt til nafns, rétt til að öðlast ríkisfang, og **eftir því sem unnt er rétt til að þekkja foreldra sína** og njóta umönnunar þeirra.
2. Aðildarríki skulu tryggja að réttindum þessum sé komið í framkvæmd í samræmi við lög sín og skuldbindingar í viðeigandi alþjóðasamningum á þessu sviði, einkum í þeim tilvikum þegar barn yrði ella ríkisfangslaust.

8. gr.

1. Aðildarríki skuldbinda sig til að virða rétt barns til að **viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling**, þar með töldu ríkisfangi sínu, nafni og **fjölskyldutengslum** eins og **viðurkennt er með lögum**, án ólögmætra afskipta.
2. Sé barn ólöglega svipt einhverju eða öllu því sem auðkennir það sem einstakling skulu aðildarríkin veita viðeigandi aðstoð og vernd í því skyni að bæta úr því sem fyrst.

Börn eru manneskjur sem njóta sinna eigin sjálfstæðu mannréttinda eins og kemur svo ágætlega fram í þingsályktunartillöggunni, og hafa skal í huga að við hverja ákvörðun um líf þeirra þarf að hafa það sem barni er fyrir bestu að leiðarljósi. Jafnframt eru réttur til upplýsinga sem og réttur til að tjá skoðun sína í öllum málum sem börn varða mjög mikilvæg réttindi Barnasáttmálans, sem raungerast ekki af sjálfa sér heldur þarf að tryggja þau með lögum og sérstökum aðgerðum, svo sem fræðslu, kynningu og hvatningu til samfélagsins um að virða þau réttindi barna.

Mikilvægt er við skoðun þessa máls að fræðimenn og hagsmunafélög, þ.m.t. hagsmunafélög barna, verði höfð með í ráðum. Nokkuð er til af útgefnum fræðigreinum um málefnið sem auðvelt er að finna á netinu. Eins og fram kemur í umsögninni eru fræðimenn ekki á einu máli um hvaða leið skuli farin. Skarast þá réttindi barnanna til að komast að uppruna sínum á við rétt þeirra sem gefa sæði sín, til friðhelgi einkalífs og persónuverndar. Barnaheill hvetja til þess að gætt verði sérstaklega að því að börn séu virt sem sjálfstæðir rétthafar og að réttur þeirra til að þekkja uppruna sinn gangi framar rétti



sæðisgjafa til persónuverndar og/eða rétti foreldranna til að halda uppruna barns leyndum. Samtökin hvetja til þess að norrænni lagaframkvæmd verði fylgt við þróun þessara réttinda, sbr. umfjöllun þar um í þingsályktunartillöggunni.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og vinna gegn allri mismunun barna. Í mörgum tilfellum virðist þörf barna til að vita um uppruna sinn vera brýn og ef vilji barns er sá að komast að uppruna sínum er mikilvægt að taka mið af þeim vilja og gera allt til að aðstoða barnið við það.